



TURNINN og brotið þak í anda klassíkur setja m.a. svip á persónulegasta verk Einars, Heilsuverndarstöðina við Barónsstíg.
Ljós m.: Morgunblaðið/Sverrir.



SAMBÝLISHÚS við Hringbraut frá árunum 1942-44. Í hönnun fjölbýlishúsa með nútímasniði var Einar brautryðjandi og Hringbrautarhúsin hafa staðizt tímans tönn frábærlega.

Ljós m.: Vigfús Sigurgeirsson.

stórar sambyggingar með 48 íbúðum við Hringbraut 37-47. Húsin voru hluti af nýju skipulagi Einars á Melahverfi, þar sem raðir stakstæðra fjölbýlishúsa áttu að rísa á opnu svæði og koma í stað þéttar borgarbyggingar og samfelldum húsaröðum meðfram götu eins og víða má enn sjá í eldri hluta borgarinnar. Hugmyndin var sú að skapa auknið svigrúm í hverfi án þess að íbúum fækkaði og spara um leið við hol-ræsa- og gatnagerð. Og umfram allt að allar íbúðirnar nýtu sólar jafnt. Búið var að sýna framá það, sem reyndar liggur í augum uppi, að húspykktinni verður þá að halda í skefjum. Í Hringbrautarhúsunum er breiddin einungis 9,5 m og íbúðirnar eru mjög sólríkar. Gólfplötur voru hafðar þykkari en en venjulega til þess að bæta hljóðeinangrun og meðal nýjunga voru skásett útskot með hornplugga á stofunni í hverri íbúð og bogadregnar svalir með blómakeri.

Næst reis sambygging 72 íbúða við Skúlagötu og síðan Lönguhlíðarhúsið, sem byrjað var á 1946. Þar fór ver en skyldi, því tafir urðu á framkvæmdinni og neitað var um ríkislán á þeirri forsendu að þarna væri verið að sóa peningum í flottheit og íbúðir í verkamannabústöðum væru ódýrari. Þetta varð að pólitísku deilumáli með þeim slæmu afleiðingum fyrir Reykvíkinga, að bæjaryfirvöld hættu að byggja fleiri fjölbýlishús, svo sem ætlunin hafði verið. Í staðinn var ráðist í byggingu 200 íbúða í liltum, tvílyftum fjölbýlishúsum í bústaðahverfi, sem aðstoðarmaður Einars, Sigmundur Halldórsson, hafði teiknað. Þar gafst eigendum kostur á að vinna sjálfir að frágangi íbúðanna og þótti mörgum kostur, en þessi hús standast engan samanburð við fyrrnefndar blokkir Einars.

SKÓLAR OG STÆRRI BYGGINGAR

Fyrsta byggingin sem Einar Sveinsson teiknaði eftir að hann var ráðinn húsameistari bæjarins, var barnaskólahúsið í Laugarnesi. Það myndaði síðar austurálmú þess Laugarnesskóla sem við þekkjum og Einar teiknaði í samvinnu við Ágúst Pálsson arkitekt. Það nýmæli sem eftirtekt vakti og enn setur svip á skólann, er samkomusalur í miðju sem áður er á minnst og nær upp í gegnum allar aðal hæðir hússins. Aðkoman að kennslustofunum liggur um stiga og

svalir sem opnast inn í þetta miðrymi.

Annað stórt verk frá fyrri árum Einars er Melaskólinn, sem tekinn var í notkun 1946. Fullfrágengin var sú bygging talin ein sú veglegasta sem bærinn hafði staðið að og lengi vel gegndi skólinn því hlutverki ráðhúss, að þar fóru opinberar móttökur fram. Vel var vandað til þessara skólabygginga og vegna þess arna voru bæjaryfirvöld gagnrýnd fyrir bruðl og óhóflegan íburð. Nú er það hinsvegar komið í ljós, að þeir fjármunir sem aukalega var greitt fyrir vandaðan frágang, hafa margfaldlega skilað sér í lágum viðhaldskostnaði.

Af öðrum stórbyggingum Einars Sveinssonar má nefna stóru blokkina á horni Laugarnesvegur og Kleppsvegur; hús sem hann teiknaði fyrir Byggingarsamvinnufélag prentara. Fyrir sama aðila teiknaði hann og Sólheimablokkina (nr 23) og Borgarspítalann í samvinnu við Gunnar H. Ólafsson. Uppdrættir af honum voru lagðir fram 1952 og fyrsti sjúklingurinn lagður inn 1967. En áður en þessu verki lauk, lézt Einar fyrir aldur fram, 67 ára. Það var 12. marz, 1973.

Sú bygging sem að öllum líkindum mun þó halda nafni Einars Sveinssonar lengst á loft er Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg. Það er eftirtektarvert vegna þess að gagnrýnendur Einars fyrir á árum nefndu einmitt Heilsuverndarstöðina sem dæmi um misheppnaðan arkitektúr. Það sýnir vel hvað samtíminn getur verið glámskyggn. Þegar á heildina er litið vinnur Einar þarna á nóttum móðernismans og brýrnar, bornar uppi af súlum, sem setja sinn svip á ytra útlit og umhverfi, eru í senn rökrétt lausn og móðernísk. Hinsvegar leikur Einar sér að því líkt og margir góðir listamenn fyrir og síðar að blanda saman stíltegundum. Í stað móðernískrar útfærslu á þaki, kemur hann með klassíska lausn; brotið þak með kvistum, koparklætt. En punkturinn yfir i-ð er turninn sem ekki gegnir öðru hlutverki en því að setja svip á bygginguna. Þar er Einar að vísu kominn alllangt frá markmiðum fúnksjónalismans, en veit hinsvegar af langri reynslu, að augað þarf líka að fá sitt.

Allir unnendur byggingarlistar eru hér með hvattir til að sjá sýninguna á verkum Einars á Kjarvalsstöðum. Hún mun standa fram í desember.

GÍSLI SIGURÐSSON.

ANNA KARIN JÚLÍUSSEN

Nóttin og ég

Kvöldið sem þú bauðst annarri konu að vera féll fyrsti snjór vetrarins.

Ég kynntist því sérstaklega vel af eigin raun þar sem ég stóð bak við stóra reynitréð og horfði inn um gluggann til ykkar.

Kvöldið það urðu til tvær sögur ykkar og mín

— því fer fjarri að um sorgarsögu sé að ræða. Þetta varð kynnisferð um nóttina og mig.

Kertaskinið varpaði hlýrri birtu á ykkur hendurnar flögruðu einsog fuglar og raddirnar hófust og hnigu einsog sjávarniður. Orðalaust ljóð. / Ljóð augans.

Nóttin varð vinur minn og mannlauða húsið á bakvið mig skýldi mér fólkíð í hverfinu svaf dásamlega fast ég heyrdi hjarta mitt slá líkami minn var heitur og sterkur en stundum skalf ég og tók þá á rás um hverfið og innan stundar hafði hjarta mitt hitað upp hvern krók og kima aftur.

Svo tók ég mér stöðu á ný. Áður þekkti ég ekki mismunandi birtu himinsins um vetrarnótt eða hljóð fallandi laufa, fallandi regns, fallandi snjókorna.

Ég varð veiðimaður með skörp augu og eyru og vonaði að allt færi vel.

Loks er ég sá þig ganga nakinn um húsið og slökkva ljósin eitt af öðru nema litlu týruna yfir rúminu snéri ég heim dauðþreytt með veiði mína margs vísari um nóttina og mig.

Höfundur er félagsráðgjafi í Reykjavík.

Mergur málsins 15

Að taka sinnaskiptum/(sinnaskipti)

Eftir JÓN G. FRÍÐJÓNSSON

Í NÚTÍMAMÁLI virðist mér nokkuð á reiki hvort menn taka sinnaskipti eða taka sinnaskiptum með vísun til hugarfarsbreytingar eða breytingar á afstöðu til e--s. Trúlega er þó algengast að nota afbrigðið *taka sinnaskiptum*. Elsta dæmi í förum Orðabókar Háskólans um þá mynd er þó ekki eldra en frá síðari hluta 19. aldar og hana er einnig að finna í Orðabók Blöndals (viðbæti og leiðréttingum) frá árinu 1924 og loks er þá mynd eina að finna í *Orðastað* Jóns Hilmars Jónssonar (1994). Enn kjósa þó sumir fremur að nota myndina *taka sinnaskipti*, og hefur svo verið frá 17. öld og allar götur fram til nútímamáls. Í Biblíunni frá árinu 1981 er t.d. afbrigðið *taka sinnaskipti* notað tvívegis en myndin *taka sinnaskiptum* fjórum sinnum eins og auðvelt er að ganga úr skugga um í því ágæta riti *Biblíulýkill* sem nýlega kom út. Úr Viðeyjarbiblíu (1841) þekki ég hins vegar aðeins afbrigðið *taka sinnaskipti*.

Telja má ótvírætt að afbrigðið *taka sinnaskipti* sé upprunalegt. Elsta dæmi um það, sem ég þekki, er úr *Deiluriti* Guðmundar Andrésónar frá 17. öld: *Guð tekur aldrei sinna- né síðaskipti svo sem mennirnir*. En ræturnar liggja dýpra. Úr fornu máli er að finna dæmin *taka skapskipun* og *taka skapskipti* þar sem merking og líking er svipuð. Þar við bætist að í ýmsum svipuðum samböndum er í elstu dæmum jafnan notað þolfall, t.d. *taka litaskipti* (1675) og *taka stakkaskipti* (17. öld) en síðari myndin breytist í *taka stakkaskiptum* á síðari hluta 19. aldar. Upprunalega er því notað þolfall, þ.e. *taka e--ð*, og í mörgum samböndum kemur þolfallið enn eitt til greina, t.d. *taka kristna trú* og *taka síðaskipti*, sbr. enn fremur afbrigðið *taka sér stakkaskipti* (1726) og *taka sér tak*. En hvað liggur að baki breytingunni? Því er vandsvarað en trúlega liggur hér merkingarbreyting að baki. Benda má á að sambandið *taka e--ju* er algengt í merkingunni 'verða fyrir e--u (jávæðu)', t.d. *taka framförum* (Viðeyjarbiblíu (1841)), *taka fljóttum þroska* (Þjóðsögur Jóns Arnasonar) og *taka breytingum* en síðasta dæmið þekki ég ekki af bókum. Aldur breytingarinnar (19. öld) kemur heim og saman við aldur dæmanna *taka framförum* og *taka fljóttum þroska*. Ef þessi tilgáta er rétt er hún eitt af fjölmörgum dæmum þess að merking breyti búningi eins og átt hefur sér stað í orðatiltækinu *rasa fyrir ráð fram* (fornt) sem breytist í *rasa um ráð fram* (nútímamál) vegna áhrifa frá samböndum eins og *flýta sér um of*. -- Hér fer því hvort tveggja saman, breyting á merkingu og breyting á búningi.